

Akureyri 19. febrúar 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 427. mál.**

Stjórn Eyþings fagnar því að komið verði á heilstæðri stefnumarkandi framkvæmdaráætlun vegna framkvæmda til verndar náttúru og menningarminjum og til uppbyggingar innviða í þágu ferðapjónustu og almennings í landinu.

Að mati stjórnar Eyþings er verkefnisstjórn skv. 5. gr. frumvarpsins alltof fjölmenn. Ekki er þörf á svo fjölmennri verkefnisstjórn þar sem gert er ráð fyrir viðtæku samráði skv. 6. gr. frumvarpsins. Skilgreina þarf betur hverjum er ætlað að eiga fulltrúa í nefndinni, það er hvaða útivistarfélag og náttúruverndarsamtök eigi fulltrúa og skilgreina hvað er átt við með háskólasamfélagi. Þá telur stjórnin að fulltrúar Samband íslenskra sveitarfélaga eigi að koma af landsbyggðinni þar sem flestir ferðamannastaðir eru utan Reykjavíkur.

Stjórn Eyþings telur að tillögur skv. 7. gr. frumvarpsins geti verið hluti af sóknaráætlun landshluta en hugmyndin með sóknaráætlunum er m.a. að samþætta sem flestar áætlanir og samræma stefnumótun.

F.h. stjórnar Eyþings



Petur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri